

Fundur 2. um fótboldahús 2. febrúar 2018 kl. 13:00.

Mætt: Hjalti Karls, Gísli Jón Hjaltason, Kristján Kristjánsson, Arna Lára Jónsdóttir, Marzellíus Sveinbjörnsson. Brynjar Þór Jónasson og Gísli H. Halldórsson.

1. Farið var yfir kostnað við færslu aðalvallar ef hús yrði byggt við íþróttahúsið. Mál og svigrúm skoðað.

Fundarmenn eru á einu máli um að þessi leið sé engan veginn ásættanleg. Helstu mótrök eru þessi:

- Heildarkostnaður vex mjög umtalsvert vegna hússins, vegna breytinga á stúku og vegna aðkomu í brekku við Vallarhús. Einnig má nefna kostnað við jarðvegsskipti í gömlu sorphaugunum.
- Snúa þarf framkvæmdaröðinni og byrja á því að færa völlinn og yrði hann þá lagður gervigrasi. Færsla án þess að breyta aðalvelli í gervigrasvöll kostar um 24 milljónir króna.
- Hugsanlegt framtíðarstæði fyrir sundlaug við suðurhlið íþróttahúss verður þá ekki lengur mögulegt.
- Aðkoma um brekku við Vallarhús verður mjög snúin.

2. Ákveðið að haldið skuli áfram með hönnun yfirbyggðs fótboldahúss við Vallarhúss og undirbúning byggingar. Fyrir þessari leið liggur ákvörðun bæjarstjórnar frá 1. júní 2017.

3. Næsti fundur verði til að ræða hönnunarmál og mögulega fjármögnun einkaaðila.

-Brynjar leggur til vangaveltur um hönnun

-Vestra leggur til hugmyndir um fjármögnun og mögulegar tölur um rekstrarkostnað

-Fundur verður haldinn ekki síðar en 23. febrúar

Fundi slitið klukkan 14:00